



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2574
komudagur 21.5.2012

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
b.t. Heimis Skarphéðinssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

21. maí 2012
Tilvísun: 2012050019/10.4

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál, 734. mál

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts yðar, dags. 9. maí 2012, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál, með síðari breytingum. Einnig er vísað til fundar með velferðarnefnd um efni frumvarpsins þann 16. maí 2012.

Með frumvarpinu er Fjármálaeftirlitinu falið aukið eftirlit með starfsemi Íbúðalánasjóðs frá því sem nú er en þau ákvæði frumvarpsins eiga sér fyrirmyndir í lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki (fftl.). Umsögn Fjármálaeftirlitsins við efni frumvarpsins er sem hér segir:

I. Til upplýsinga vegna efnis 3. gr. frumvarpsins, nánar tiltekið nýrrar 8. gr.a.:

Þar sem orðalag 1. og 2. mgr. 8. gr a. frumvarpsins er nánast samhljóða 2. og 3. mgr. 52. gr. fftl. verður ekki annað séð en að Fjármálaeftirlitinu beri að meta hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna Íbúðalánasjóðs með sama hætti og eftirlitið metur hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálfyrirtækja og annarra eftirlitsskyldra aðila, eins og váttryggingafélaga og lífeyrissjóða. Af þeim sökum þykir Fjármálaeftirlitinu rétt að upplýsa hvernig slík hæfismót eru framkvæmd. Undanfarin ár, í tengslum við mat á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálfyrirtækja og annarra eftirlitsskyldra aðila, hefur Fjármálaeftirlitið farið fram á að þeir veiti tilteknar skriflegar upplýsingar þegar þeir taka við störfum. Jafnframt fer Fjármálaeftirlitið fram á að þeir undirriti sérstaka yfirlýsingu um hæfi. Upplýsingagjöf framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila og yfirlýsing um hæfi er að finna á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins. Slóðin er: <http://www.fme.is/thjonustugatt/mat-a-haefi/>. Við mat á nægilegri þekkingu framkvæmdastjóra, sbr. 3. mgr. 52. gr. fftl., hefur Fjármálaeftirlitið gert þær kröfur að hann mæti í munnlegt hæfismat hjá Fjármálaeftirlitinu þar sem könnuð er þekking hans á þeirri starfsemi sem viðkomandi fyrirtæki stundar, þekking á lögum og reglum á þeim markaði er fyrirtækið starfar á, reikningsskilum, endurskoðun og almennum viðskiptalegum og stjórnunarlegum þáttum. Þá getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að stjórnarmenn gangist undir munnlegt hæfismat. Sjá hér verklag Fjármálaeftirlitsins við hæfismat frá 10. febrúar 2010: [http://www.fme.is/media/leidbeiningar/Leidbeiningar Mat-a-haefi Verklag-vid-mat-a-haefi-framkvaemastjora-og-stjornarmanna.pdf](http://www.fme.is/media/leidbeiningar/Leidbeiningar_Mat-a-haefi_Verklag-vid-mat-a-haefi-framkvaemastjora-og-stjornarmanna.pdf).



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

II. Athugasemd við efni 3. gr. frumvarpsins, nánar tiltekið nýrrar 2. mgr. 8. gr. a.:

Þar sem ekki verður annað ráðið af orðalagi 1. og 2. mgr. 8. gr. a. frumvarpsins en að Fjármálaeftirlitið skuli meta hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna Íbúðalánasjóðs með sambærilegum hætti og hjá öðrum eftirlitsskyldum aðilum þá telur Fjármálaeftirlitið rétt að lokasetning 2. mgr. 8. gr. a. verði breytt þannig að hún verði samhljóða lokasetningu 3. mgr. 52. gr. ffl.:

„Fjármálaeftirlitið setur reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og forstjóra og hvernig staðið skuli að hæfismati.“

III. Athugasemd við efni 3. gr. frumvarpsins, nánar tiltekið nýrrar 3. mgr. 8. gr. a.:

Fjármálaeftirlitið bendir á að 3. mgr. 8. gr. a. er ekki efnislega samhljóða 4. mgr. 52. gr. ffl. hvað varðar tilvísun til annarra eftirlitsskyldra aðila samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Með eftirlitsskyldum aðila í skilningi 4. mgr. 52. gr. ffl. er eingöngu átt við aðila sem heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. athugasemdir við 5. gr. frumvarps er varð að lögum nr. 119/2011 um breyting á ffl. Ákvæðið hér tekur hins vegar til allra þeirra aðila sem heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins skv. lögum nr. 87/1998, þ.e. 1. – 5. mgr. 2. gr. laganna. Þá er í 4. mgr. 52. gr. ffl. talað um aðila „í nánnum tengslum“ við eftirlitsskyldan aðila. Hugtakið nán tengsl er skilgreint í 1. gr. a. ffl. Í 3. mgr. 8. gr. a. frumvarpsins er vísað í tengda aðila en ekki virðist liggja fyrir nein skilgreining á því hverjir geti talist tengdir aðilar í skilningi laganna.

IV. Athugasemd við efni 3. gr. frumvarpsins, nánar tiltekið 4. mgr. 8. gr. a.:

Í ákvæðinu er vísað til annarra fjármálafyrirtækja. Þar sem Íbúðalánasjóður telst ekki fjármálafyrirtæki leggur Fjármálaeftirlitið til að orðið „annað“ í ákvæðinu verði felld brott.

V. Til upplýsinga. Álagning eftirlitsgjalds á Íbúðalánasjóðs samkvæmt lögum nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Verði frumvarpið að lögum eykst eftirlit Fjármálaeftirlitsins með starfsemi Íbúðalánasjóðs sem mun að öllum líkindum leiða til hækkunar á því gjaldi sem Íbúðalánasjóður greiðir samkvæmt lögum nr. 99/1999. Slík hækkun kæmi þó ekki til álita fyrr en við álagningu eftirlitsgjalds vegna rekstrarársins 2013.

Þess ber að geta að á nefndum fundi með velferðarnefnd var óskað upplýsinga um það hvort frumvarpið uppfyllti þær kröfur sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert til íslenskra stjórnvalda um að grípa til nauðsynlegra ráðstafana þannig að lánafyrirkomulag Íbúðalánasjóðs yrði í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska Efnahagssvæðið, sbr. ákvörðun stofnunarinnar, dags. 18. júlí 2011.

Fjármálaeftirlitið telur ljóst að með frumvarpinu verði starfsemi Íbúðalánasjóðs í fyllra samræmi við ríkisaðstoðarreglur EES samningsins. Þá virðist frumvarpið uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA, líkt og greinargerð frumvarpsins gefur til kynna.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Rétt er þó að undirstrika mikilvægi þess að velferðarráðuneytið taki fyllri afstöðu til þess hvort frumvarpið uppfylli þær kröfur sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert.

Fjármálaeftirlitið er reiðubúið að veita fyllri upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Berglind Helga Jónsd.
Berglind Helga Jónsdóttir